

Nd.

123. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað í þessu máli. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn færslu kjördagsins yfirleitt, einn nefndarmanna (M. T.) vildi ganga að færslu kjördagsins til seinni hluta septembermánaðar, en hinir þrír nefndarmennirnir hafa komið sjer saman um að leggja til, að kjördagur verði 1. laugardagur í júlí og bera fram brtt. í þá átt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna »hin 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn fyrsti laugardagur í júlímánuði.

Alþingi, 15. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon Kristófersson.